

Mánudaginn 24. ágúst 1998.

Nr. 320/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Friðriki Ólafi Ólafssyni

(Jón Oddsson hrl.)

Kærumál. Ökuréttur. Bráðabirgðasvipting. Öndunarsýni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 7. ágúst sl., sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 12. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. ágúst 1998, þar sem felld var úr gildi bráðabirgðasvipting ökuréttar, sem varnaraðila var gert að sæta með ákvörðun sóknaraðila 28. júlí sl. Kæruheimild er í 1. mgr. 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og staðfest verði ákvörðun hans um bráðabirgðasviptingu ökuréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að öðru leyti en því, að sóknaraðila verði gert að greiða sér málskostnað í héraði. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili var stöðvaður af lögreglu um kl. 1.10 aðfaranótt þriðjudags 28. júlí sl., er hann ók bifreið sinni frá veitingahúsinu Feita dvergnum við Höfðabakka í Reykjavík. Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, lagði þá talsverðan áfengisþef frá vitum varnaraðila, og sýndi hann öndunarpróf með því að blása í blöðru 3. stig. Þar greinir og frá niðurstöðu öndunarprófs með þar til gerðum mæli og töku tveggja öndunarsýna með sérstöku tæki. Niðurstaða síðastgreindra mælinga hafi verið sú, að vínandamagn í lofti, sem varnaraðili andaði frá sér, hafi verið 0,456 mg í lítra lofts að teknu tilliti til skekkjumarka. Samkvæmt því hafi vínandamagn verið yfir þeim mörkum, sem um ræðir í 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1997. Sóknaraðili taldi því vera skilyrði til sviptingar ökuréttar og svipti varnaraðila ökurétti til bráðabirgða, en ótímabundið.

Heimild til þeirrar aðferðar að mæla vínandamagn í lofti með sér-

stöku tæki, sem beitt var við varnaraðila, er að finna í lögum nr. 48/1997. Með þeim var lögleidd ný aðferð, sem felst í því, að mælt er vínandamagn í lofti, sem ökumaður andar frá sér, og var öndunarsýni með því lagt að jöfnu við blóðsýni við sönnunarfærslu. Aðferðin er einföld í framkvæmd og búnaður þannig, að lögreglumaður getur annast hana í stað þess, að hann færi ökumann til læknis til blóðtöku. Niðurstaða um áfengisáhrif liggur þá strax fyrir, sem leiðir til þess, að mál taka styttri tíma. Mælitæki það, sem notað var umrætt sinn, er af gerðinni Intoxilyzer 5000 N, og eru sambærileg tæki notuð annars staðar á Norðurlöndum við rannsókn ölvunar-akstursmála. Í málinu liggur fyrir ýtarleg skýrsla sænskrar rannsóknastofnunar, Statens kriminaltekniska laboratorium, um prófun, sem stofnunin gerði á tækinu 14.–16. maí 1998. Er niðurstaða prófunarinnar sú, að tækið standist þær kröfur, sem gera verður til slíkra mælitækja. Skýrslu þessari hefur ekki verið hnekkt. Ekkert er fram komið, sem bendir til, að tækið hafi ekki verið hæft til að mæla nákvæmlega magn vínanda í lofti, sem varnaraðili andaði frá sér. Ekki hafa heldur verið færð fram haldbær rök, er bendi til, að mælitækið hafi farið úr lagi eftir prófunina. Þá er fram komið, að lögreglumaður, sem annaðist mælinguna, hefur fengið sérstaka þjálfun í að nota tækið.

Í XIV. kafla umferðarlaga eru ákvæði um viðurlög við brotum á þeim, meðal annars sviptingu ökuréttar. Mælt er fyrir um hana í 101. gr. og 102. gr. laganna. Í 1. mgr. 102. gr. segir meðal annars, að stjórnandi vélknúins ökutækis skuli sviptur ökurétti, hafi hann brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. laganna um akstur undir áhrifum áfengis. Um bráðabirgðasviptingu er kveðið á í 103. gr. Þar segir, að telji lögreglustjóri vera skilyrði til sviptingar ökuréttar, skuli svipta ökumann ökurétti til bráðabirgða, svo fljótt sem unnt er.

Samkvæmt framansögðu var það mat sóknaraðila, að skilyrði væru til sviptingar ökuréttar. Eru ekki fram komin rök til að hnekkja þeirri ákvörðun að svipta varnaraðila ökurétti til bráðabirgða. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og ákvörðun sóknaraðila staðfest, þó þannig, að bráðabirgðasviptingin verður tímabundin allt að þremur mánuðum, sbr. hina almennu reglu í 3. mgr. 101. gr. umferðarlaga, að svipting skuli vera um ákveðinn tíma.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun sóknaraðila, lögreglustjórans í Reykjavík, um að svipta varnaraðila, Friðrik Ólaf Ólafsson, ökurétti til bráðabirgða, er staðfest, þó þannig, að sviptingin standi allt að þremur mánuðum.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. ágúst 1998.

Ár 1998, föstudag 7. ágúst, er dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur háð í Dómhúsinu við Lækjartorg af Helga I. Jónssyni héraðsdómara.

Fyrir er tekið málið nr. Ö-14/1998: Krafa Friðriks Ólafs Ólafssonar um niðurfellingu bráðabirgðaökuréttarsviptingar. Er nú í málinu upp kveðinn eftirfarandi úrskurður.

Sóknaraðili, Friðrik Ólafur Ólafsson, kt. 110956-4449, Hafnargötu 2, Reyðarfirði, hefur krafist þess, að felld verði úr gildi svipting ökuréttar til bráðabirgða, sem honum var gerð 28. júlí síðastliðinn. Til vara krefst hann þess, að svipting ökuréttar til bráðabirgða verði tímabundin, eigi lengri tíma en þrjá mánuði. Þá gerir lögmaður hans kröfu um hæfileg málsvarnarlaun úr ríkissjóði að mati réttarins auk virðisaukaskatts.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt þriðjudags 28. júlí síðastliðins um kl. 1.10, stöðvaði lögreglan í Reykjavík akstur bifreiðarinnar BF-022 á Höfðabakka. Reyndist ökumaður vera sóknaraðili máls þessa. Í viðræðum við lögreglumenn lagði talsverðan áfengisþef frá vitum hans. Sýndi öndunarpróf með blæstri í blöðru þrjú stig. Var sóknaraðili þá færður á lögreglustöð, þar sem varðstjóri tók af honum öndunarpróf með SD-2 mæli, sem sýndi 0,60‰. Að því loknu var sóknaraðili færður til töku öndunarsýnis í þar til gerðu tæki. Reyndist meðaltal þeirra tveggja prófana, sem gerðar voru, vera 0,456 mg/l, eftir að tekið hafði verið tillit til skekkjumarka.

Við skýrslutöku hjá varðstjóra kvaðst sóknaraðili hafa drukkið einn lítinn bjór laust fyrir aksturinn, en ekki fundið til áfengisáhrifa. Þá er haft eftir sóknaraðila, að hann hafi verið að vinna við bílamálun frá kl. 19.30 til kl. 22.00 kvöldið áður.

Að lokinni töku öndunarsýna var sóknaraðili sviptur ökurétti til bráðabirgða.

Af hálfu sóknaraðila er mótmælt mælingu á áfengismagni greint sinn í formi öndunarsýnis, og viðurkennir hann ekki að hafa verið ölvaður við akstur bifreiðarinnar. Búnaður sá, er notaður var, hafi ekki hlotið lög-gildingu hérlandis eða verið tekinn út og prófaður af faggiltri prófunarstofu. Geti ýmis atriði truflað mælingu með búnaðinum, svo sem ef sá, sem prófaður er, hefur nýlega borðað beiskan brjóstsykur eða reykt vindlinga.

Þá verði mæling þessi ekki prófuð síðar af hlutlausum kunnáttumanni, þar sem ekkert sýni sé tekið til varðveislu. Einnig liggi ekkert fyrir um, að lög-reglumaður sá, sem um ræðir, hafi haft nægilega þekkingu og þjálfun til að fara með tekið. Færi svo, að sök sóknaraðila teldist sönnuð í eftirfarandi sakamáli, yrði hann einungis dæmdur til þriggja mánaða ökuréttarsviptingar í samræmi við áratuga-dómaframkvæmd. Sé fyrirsjáanlegt, að málsmeðferð muni að öllum líkindum taka lengri tíma en þann, sem sóknaraðili yrði sviptur ökurétti, yrði sakaráfall dæmt.

Fyrirsjáanlegt er, að ákæra verður gefin út á hendur sóknaraðila. Sú málsmeðferð mun að öllum líkindum taka lengri tíma en þann, sem sóknaraðili yrði sviptur ökurétti, verði sök sönnuð. Þykir, eins og hér háttar til, rétt að láta ákvörðun um sviptingu ökuréttar sóknaraðila bíða efnisúrlausnar. Ber því að fella umrædda bráðabirgðaökuréttarsviptingu úr gildi. Þá er og rétt, að ákvörðun um málskostnað bíði efnisdóms.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Bráðabirgðasvipting ökuréttar, sem sóknaraðila, Friðriki Ólafi Ólafssyni, var gert að sæta með ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík 28. júlí 1998, er felld úr gildi.

Ákvörðun málskostnaðar bíður efnisdóms.
